



## FRAMKVÆMD ÁHUGAMANNREGLNA Á ÍSLANDI

Berist Gólf sambandi Íslands vitneskja um hugsanlegt brot kylfings á reglum um áhugamannaréttindi skal sambandið, eða starfsmenn þess, tilkynna það viðkomandi kylfingi og bjóða honum að leggja fram innan tveggja vikna þær upplýsingar sem hann telji málið varða.

Gólf sambandið skal kanna málið og leggja síðan niðurstöður sínar og tillögur fyrir áhugamenskunefnd GSI, ásamt þeim upplýsingum sem kylfingurinn kann að hafa lagt fram.

Nefndin fjalli um málið og úrskurði hvort um brot hafi verið að ræða og, telji hún svo vera, hvaða viðurlögum skuli beitt. Sætti kylfingurinn sig ekki við úrskurð nefndarinnar getur hann áfrýjað honum til dómstóls Gólf sambandsins innan tveggja vikna frá því að honum var kynntur úrskurðurinn. Úrskurður dómstólsins er síðan endanlegur.

Úrskurði nefndarinnar vegna endurheimtu áhugamannaréttinda má á sama hátt áfrýja til dómstólsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum GSI 14. apríl 2016.